

Allir heilir heim að loknum
vinnudegi.

Varnir við ljósbogahættum.



Allir heilir heim að loknum vinnudegi.

- Í ágúst 2012 var settur á stofn vinnuhópur hjá öryggisráði Samorku til að skoða hvernig hægt er að meta og draga úr hættum sem ljósbogar geta valdið. Ennfremur að meta umfang, innleiðingu og setja fram tímaáætlun á þeim verkþáttum sem nauðsynlegir eru. Einnig að gefa út upplýsingabækling sem myndi vera aðgengilegur fyrir hvern sem er.
- Á vörfundum Samorku sem haldinn var á Akureyri dagana 14. og 15. maí 2014 var þessi bæklingur kynntur undir heitinu Ljósbogahættur. Markmið bæklingisins er að vekja alla til umhugsunar um ljósbogahættur og skaðann sem af þeim getur orðið og einnig að fá fólk til að staldra aðeins við og kynna sér þessi mál.



Upplýsingabæklingur um ljósbogahættur.



Samorka




ORKUBÚ VESTFJARÐA
beislað náttúruafl!

Allir heilir heim að loknum vinnudegi.

- Pennan bækling er hægt að nálgast á vef Samorku. www.samorka.is
- Nauðsynlegt er að við stöldrum aðeins við, eins og þar stendur og hugsum, hvað er ljósbogi ?
- Mjög einfölduð lýsing á ljósboga er rafstraumur sem fer í gegnum loft.
- Undir vissum kringumstæðum, sem myndast við skammhlaup á milli tveggja straumleiðara með spennun á milli getur loftið á milli straumleiðaranna orðið svo heitt og jónað að það fer að leiða rafstraum.
- Talað er um að hitinn geti orðið frá 20.000-30.000 C
Ljósbogi inniheldur hreint raunviðnám (ohmskt).
- En hvað getur ljósbogi gert ? Hér er smá sýnishorn af kraftinum sem myndast í ljósboga, bara svona til að setja hlutina í samhengi.



Gífurlegir kraftar á ferð



Hugsunarháttur.

- Eins og sjá má eru gífurlegir kraftar þarna á ferð.
- Ég skal viðurkenna fyrir mitt leyti að fyrst þegar ég sá þetta læddist smá skrattakollur inní mínar hugsanir sem sagði: þetta getur bara gerst í Bandaríkjunum þar sem þeirra kerfi er svo gamaldags og úrelt.
- Svoleiðis hugsunarháttur er eitthvað sem við getum ekki leyft okkur þegar um öryggismál eru að ræða. Við vitum aldrei hvar eldingu slær niður næst, aldrei. Þannig er það einnig með öll slys, við vitum ekki hvar eða hvenær það næsta gerist.
- Sem betur fer varð mikil vakning í kringum verkefni öryggisráðs Samorku, Ljósbogahættur. Þess ber þó að geta að nokkur fyrirtæki voru þegar byrjuð að vinna í sínum málum í sambandi við ljósbogavarnir.



Framkvæmdin

Orkubú Vestfjarða var þar engin undantekning, frá haustinu 2013 var sett upp starfsnefnd sem átti að greina það sem gera þyrfti og hvernig best væri að standa að framkvæmdinni. Sú nefnd skilaði af sér haustið 2014 eftirfarandi niðurstöðum:

- Ákveðið var að allir starfsmenn OV sem vinna við rafmagn klæðist ljósbogapolnum fatnaði.
- Starfsmenn verði fræddir um mikilvægi þess að klæðast ljósbogapolnum fatnaði þegar unnið er við rafmagn.
- Gera skal ljósboga útreikninga fyrir dreifikerfi OV til að meta hættuna sem fyrir er.
- Gera skal vinnureglu um einlínummyndir stöðva þar sem kveðið er á um að nýjar teikningar verði að vera með útreiknuðum ljósbogastuðli.

Fatabíllinn


- Næsta skref var að skoða föt og afla tilboða frá birgjum.
- Eftir að þeirri vinnu lauk fór nefndin af stað með sinn „fatabíl“ um veitusvæði og lét starfsmenn máta föt með tilheyrandi sýningum á rauða dreglinum.
- Síðan var gerð ein stór pöntun fyrir starfsmenn OV.
- Þegar öll föt voru komin í hús var farið aftur af stað með „fatabíllinn“ til að afhenda fötin og einnig, sem var stór hluti af áætlun nefndarinnar, en það var fræðsla . Nefndin var með fræðslu og forvarnarstarf um ljósbogahættur. Mikil áhersla var lögð á að starfsmenn væru meðvitaðir um meðhöndlum á þeim fatnaði sem þeir fengju í hendurnar.
- Kynnt var nýja vinnureglan, þar sem ný útgefin teikning verður að vera með útreiknuðum ljósbogastuðli.



Allir tilbúnir



Einlínumynd



Útg.	Tegund	Ath	Samþ.	Dags
2	Útgefin	Þetta er útgefin teikning.	ORKUBU.LHPRO\Ragnar	7.9.2015
3	Útgefin	Þetta er útgefin teikning.	ORKUBU.LHPRO\Ragnar	7.9.2015


Fossárvirkjun Engidal
 Einlínumynd

Þessi 12.08.2015	Það
Stjóri H.P.	Stjóri
Stjóri O.B.	Stjóri
Stjóri	Stjóri

Staldráðu við app

- Samhliða þessari vinnu var einnig þróað app og handbók á vegum OV sem heitir Staldráðu við og er hannað sem hjálpartæki fyrir starfsmenn OV.
- Tekin var sú ákvörðun að hafa þetta app eingöngu fyrir Android stýrikerfi en ekki iOS stýrikerfi og þótt ótrúlegt megir virðast hafa ekki margir mótmælt þeirri ákvörðun okkar. Staldráðu við appið og handbókin voru kynnt með viðhöfn eins og vera ber þann 04.02 2016.
- Starfsmönnum OV hefur síðan verið kennt hvernig á að nota appið og handbókina. Er það von og vilji okkar að þessi hjálpartæki verði sem oftast notuð þegar verk eru skipulögð. En eins og í öllu er ekki hægt að neyða neinn til að nota þau hjálpartæki sem í boði eru, það verður að koma frá starfsmönnum sjálfum. Við hjá OV finnum að við höfum meðbyr í öryggismálum meðal starfsmanna og er það mjög ánægjuleg þróun.

Staldráðu við app og handbók

- Appið er byggt á prentaðri útgáfu handbókar
- Skrifað í Java fyrir Android
- Gögn vistuð í Sqlite gagnagrunni í viðkomandi snjalltæki
- Hægt að hlaða inn appi frá ov.is og nota í flestum Android snjalltækjum

https://www.ov.is/s_themes/img/app/ovst.apk



ORKUBÚ VESTFJARÐA
beislað náttúruafl!

Lokaorð

Þó svo að mikil vinna hafi verið sett í málaflokkinn, varnir við ljósbogahættum á undanförnum árum er engin ástæða til að halla sér aftur í sófanum og láta sér líða vel. Þegar að öryggismálum kemur er ekki hægt að slaka á, það er þá sem slysin gerast.

Við hjá OV erum með málaflokk sem heitir „óæskilegir atburðir“ þar er hægt að skrá slys, næstum því slys og hluti sem hefðu getað farið illa vegna rangs verkslags.

Mig langar aðeins að minnst á þennan málaflokk þar sem því miður eru starfsmenn oft feimnir við að skrá eða tilkynna til dæmis næstum því slys eða rangt verklag. Ef við fáum starfsmenn okkar til að skrá sem mest niður þá getum við fyrirbyggt stóru slysin. Við lifum og lærum.

Takk fyrir.